

1. TILGANGUR OG MARKMIÐ

Reglur þessar fjalla um flokkun viðskiptavina í verðbréfabjónustu hjá Arion banka, sbr. lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 (lögin).

Flokkun viðskiptavina er mikilvægur þáttur í fjárfestavernd, þar sem réttarvernd viðskiptavina er mismunandi eftir flokkun. Almennir fjárfestar njóta mestrar verndar samkvæmt lögum, en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar njóta minni verndar.

Markmið þessara reglna er að tryggja samræmt verklag við flokkun viðskiptavina, og tilgreina þau skilyrði sem viðskiptavinir þurfa að uppfylla ef óskað er eftir breyttri flokkun.

2. ORÐSKÝRINGAR

Í reglum þessum merkir:

- Viðskiptavinur:** Viðskiptavinur í verðbréfabjónustu hjá Arion banka. Með verðbréfabjónustu er átt við alla þjónustu er tengist viðskiptum með fjármálagerninga, sbr. 15. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.
- Almennur fjárfestir:** Viðskiptavinur, sem ekki telst fagfjárfestir eða sem óskað hefur eftir slíkri flokkun.
- Fagfjárfestir:** Viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
 - Aðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, lífeyrissjóðir og sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna og aðrir stofnanafjárfestar.
 - Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
 - heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði EUR 20.000.000 eða hærri
 - hrein ársvelta er jafnvirði EUR 40.000.000 eða meiri
 - eigið fé er jafnvirði EUR 2.000.000 eða meira
 - Ríkisstjórnir og sveitastjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, s.s. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Fjárfestingarbanki Evrópu og sambærilegar stofnanir.
 - Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
 - Aðrir viðskiptavinir sem óskað hafa eftir því að vera flokkaðir sem fagfjárfestar og bankinn hefur samþykkt beiðnina, enda eru uppfyllt skilyrði samkvæmt gildandi lögum og innri reglum.
- Viðurkenndur gagnaðili:** Aðili sem fellur undir a-, b- eða c-lið skilgreiningar á fagfjárfestum, og samþykkir eða fer fram á að teljast viðurkenndur gagnaðili.
- Fjármálagerningur:** Fjármálagerningur í skilningi 17. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.
- Innstæða:** Innstæða í skilningi 4. mgr. 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

3. FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA

Sérhver viðskiptavinur skal flokkaður áður en verðbréfabjónusta er veitt.

Arion banki flokkar viðskiptavini sem almenna fjárfesta, nema fyrirleggjandi gögn sýni að önnur flokkun sé viðeigandi, s.s. ársreikningur eða staðfesting á starfsleyfi. Vista skal þau gögn sem eru grundvöllur flokkunar.

Flokkun viðskiptavinar sem fagfjárfestir skv. gr. 4.3 þessara reglna skal ekki vera eldri en tveggja (2) ára þegar viðkomandi viðskiptavinur óskar eftir að eiga í viðskiptum sem krefst slíkrar flokkunar. Hafi liðið lengri tími frá því að viðskiptavinur hlaut flokkun sem fagfjárfestir skal endurmeta hæfi hans, og eftir atvikum óska eftir gögnum frá honum, því til staðfestingar að hann fullnægi enn þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum bankans eins og þær eru hverju sinni.

Arion banki skal tilkynna viðskiptavini hvaða flokki viðskiptavina hann tilheyrir. Þá skal viðskiptavinur upplýstur um rétt hans til að óska eftir annarri flokkun. Viðurkenndir gagnaðilar skulu samþykkja flokkun sína fyrirfram með sannanlegum hætti.

4. BEIÐNI UM BREYTTA FLOKKUN

4.1 ALMENNT

Viðskiptavinir eiga rétt á að óska eftir annarri flokkun. Slíkri beiðni skal skilað inn á þar til gerðu eyðublaði.

Umsókn um breytta flokkun, ásamt fylgiskjölum og samþykki eða synjun Arion banka, skal vistuð með skipulögðum og aðgengilegum hætti í kerfum bankans.

4.2 BEIÐNI UM AUKNA VERND

Viðskiptavinur fær ávallt aukna vernd, ef þess er óskað. Þannig getur fagfjárfestir ávallt farið fram á að farið sé með hann sem almennan fjárfesti, og viðurkenndur gagnaðili getur farið fram á að farið sé með hann sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti.

Arion banka er ávallt heimilt að veita viðskiptavinum aukna vernd að eigin frumkvæði. Viðskiptavinur skal upplýstur um slíka breytingu.

4.3 BEIÐNI UM MINNI VERND

Almennur fjárfestir getur að eigin frumkvæði óskað eftir að vera flokkaður sem fagfjárfestir. Til þess að almennur fjárfestir geti talist fagfjárfestir þarf hann að sýna fram á að hann uppfylli a.m.k. tvö af þremur skilyrðum í kafla 4.3.1 og skilyrði kafla 4.3.2 þessara reglna.

4.3.1 Skilyrði um viðskipti, verðgildi fjármálagerninga og innstæðna og stöðu á fjármálamarkaði

Tvö af eftirfarandi skilyrðum þurfa að vera uppfyllt:

- Viðskiptavinur hefur átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu viðskipti á hverjum ársfjórðungi. Viðskiptavinur þarf að hafa átt í viðskiptum á viðeigandi markaði í a.m.k. 12 mánuði á matsdegi.
- Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjárfestis nemi samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- Viðskiptavinur gegnir eða hefur gegnt, í a.m.k. eitt ár, stöðu á fjármálamarkaði sem krefst sérþekkingar á fyrirhuguðum verðbréfi viðskiptum eða þjónustu.

Við mat á skilyrði skv. a) lið skal viðskiptavinur leggja fram yfirlit yfir viðskiptin. Við mat á því hvort viðskipti viðskiptavinar séu umtalsverð í stærð ber m.a. að líta til stærðar annarra viðskipta á viðeigandi markaði og hvort viðskiptin efli sérfræðikunnáttu og reynslu viðskiptavinarins.

Við mat á skilyrði skv. b) lið er horft á nettó verðgildi fjármálagerninga og innstæðna viðskiptavinar. Í því felst að einungis sá hluti safns fjármálagerninga og innstæðna sem er óskuldsettur og óveðsettur skal talinn inn í verðgildi samkvæmt skilyrðinu. Óheimilt er notast við nafnverð fjármálagerninga þar sem það endurspeglar ekki raunverulega stærð safns. Að auki skal innstæða vera óbundin. Aðeins skal þó meta skuldsetningu viðkomandi fjármálagerninga og eftir atvikum innstæðna, en ekki skuldsetningu viðskiptavinar í heild sinni, svo sem vegna fasteignakaupa eða rekstrar. Þá skal ekki reikna ógreidd viðskipti inn í verðgildi fjármálagerninga viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal leggja fram yfirlit yfir safn fjármálagerninga og innstæður og fullnægjandi staðfestingu á skuldsetningu/veðsetningu að mati bankans. Ekki er tekið tillit til eigna annarra aðila, þ.m.t. maka, ófjárráða barna eða tengdra félaga.

Við mat á skilyrði skv. c) lið skal meta hvort staða viðskiptavinar hafi gert honum kleift að öðlast þekkingu á viðskiptum eða þjónustu með sambærilega eiginleika og flækjustig og fyrirhuguð viðskipti. Viðskiptavinur skal leggja fram upplýsingar og/eða gögn um þá sérfræðistöðu sem hann hefur gegnt á fjármálamarkaði sem hann telur uppfylla skilyrðin og á hvaða tímabili hann gegndi viðkomandi stöðu. Dæmi um stöður sem uppfylla skilyrðin eru: sjóðstjóri, miðlari, starf við eignastýringu, bein aðkoma að verðbréfaútgáfu, aðild að fjárfestingaráði sjóða eða innan fjármálafyrirtækja og sambærileg störf.

Ef viðskiptavinur er lögaðili skal við mat á skilyrði skv. c) lið horfa til reynslu forsvarsmanns lögaðilans, þ.e. þess aðila sem annast verðbréfi viðskipti fyrir hönd lögaðilans.

4.3.2 Skilyrði um sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu

Uppfylli viðskiptavinur tvö af þremur skilyrðum kafla 4.3.1 er það vísbending um að viðskiptavinur megi vera flokkaður sem fagfjárfestir. Tengiliður viðskiptavinar skal auk þess afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá viðskiptavininum til að hægt sé að leggja sjálfstætt og heildstætt mat á hvort fyrirbyggjandi upplýsingar veiti nægilega vissu fyrir því að viðkomandi aðili búi yfir fullnægjandi sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu til að geta sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilið áhættuna sem í þeim felst. Ekki er fullnægjandi að styðjast við yfirlýsingu viðskiptavinar eða staðfestingu sem byggir á mati annars verðbréfafyrirtækis. Niðurstaða um það hvort skilyrðið sé uppfyllt ræðst ávallt af heildstæðu mati og hvort það sé í þágu viðskiptavinar að vera flokkaður sem fagfjárfestir. Tengiliður viðskiptavinar ásamt yfirmanni staðfesta hvort viðskiptavinur uppfylli skilyrði reglna þessara um breytta flokkun eða ekki. Upplýsa skal viðskiptavin á varanlegum miðli um niðurstöðuna og réttaráhrif hennar.

Verði bankanum kunnugt um að viðskiptavinur uppfyllir ekki lengur tiltekin skilyrði skal gripið til viðeigandi aðgerða. Arion banka er ávallt heimilt að óska eftir upplýsingum til að staðfesta að viðskiptavinur uppfylli viðeigandi skilyrði.

5. GILDISTAKA OG BIRTING

Reglur þessar taka gildi 29. ágúst 2023. Reglurnar skulu endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir, þó a.m.k. á þriggja ára fresti.

Reglur þessar skulu birtar á innri og ytri vef Arion banka.